4. september 2020

# Starfshópur um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

# Hlutverk starfshópsins

- Tilefni skipunar starfshópsins. Áhyggjur af ónógu framboði raforku fyrir almenna notendur þar sem enginn beri ábyrgð á að tryggja þeim raforku.
- Hlutverkið:

1. Greina og kortleggja heildsölumarkað raforku og mögulegar leiðir til úrbóta.
2. Leggja mat á hvaða breytingar þurfi mögulega að gera á raforkulögum til að:

➢ Skýra betur ábyrgð aðila á markaði.

➢ Tryggja fullnægjandi framboð raforku fyrir heimili og fyrirtæki.

# Uppbygging og efnistök

Skýrslan skiptist í þrjá hluta:

1. Umfjöllun um mikilvægi raforkuöryggis og ábendingar og tillögur um hvernig það skuli skilgreint
2. Umfjöllun um aðstæður á heildsölumarkaði og ábendingar og tillögur um leiðir til að auka virkni heildsölumarkaðar og um frekari greiningarvinnu
3. Umfjöllun um gildandi reglur um ábyrgð og hlutverk stjórnvalda og aðila á markaði og vernd notenda og ábendingar og tillögur um úrbætur.

# Helstu ábendingar og tillögur starfshópsins

1. Markmið um raforkuöryggi og skilgreining raforkuöryggis er ekki skýr í gildandi lögum.

- Í raforkulögum verði mælt fyrir um markmið um fullnægjandi raforkuöryggi
- Raforkuöryggi verði skilgreint eftir fjórum tímavíddum:
  - Langtímastefna til 10 ára – tekur almennt á raforkuöryggi
  - Afhendingaröryggi til 2 til 5 ára - tekur til raforkukerfisins og fullnægjandi framboðs raforku
  - Framleiðsluöryggi til eins ár.
  - Rauntímaöryggi - kerfisstjórnun.
- Í raforkulögum komi fram hvaða sjónarmið skuli leggja til grundvallar við mat á því hvað teljist fullnægjandi framboð raforku. Viðmiðin verði nánar útfærð í reglugerð sem ráðherra setur.

# Helstu ábendingar og tillögur starfshópsins

## 2. Aðstæður á heildsölumarkaði eru sérstakar hér á landi og um sumt andstæðar samkeppni. Verðmyndun er ógagnsæ og skortir á skýr skilaboð á markaðnum.

- Æskilegt er að komið verði á fót heildsölumarkaði sem tekur mið af aðstæðum hér á landi. Landsneti verði falið að vera upplýsingamiðlari á markaði þar til heildsölumarkaði er komið á.
- Stuðla þarf að fjölgun aðila á söluhlið heildsölumarkaðar.
  - Greina þarf hvernig auka megi þátttöku raforkufyrirtækja, sem framleiða raforku og selja beint til notenda, á söluhlið heildsölumarkaðar. Könnuð verði áhrif kröfu um að öll raforka, sem ekki er bundin í langtímas., verði sett á heildsölumarkað.
  - Þátttaka notenda á söluhliðinni eykur virkni markaðarins. Greina þarf möguleika notenda til þátttöku á heildsölumarkaði og hvaða áhrif aukin þátttaka stærri notenda hefði á raforkumarkaðinn.
  - Greina þarf mögulegar aðangshindranir á markaði fyrir framleiðslu raforku og hvaða leiðir eru færar til að draga úr þeim (meta reglubyrði og samkeppnishindranir t.d. á sviði vindorku).
- Bent er á að samningar um breytilega orku eru gerðir að hámarki til árs í senn – veldur óvissu hjá smásölum og dregur úr möguleikum til að semja við notendur til lengri tíma.
- Orkufyrirtæki á samkeppnismarkaði eru flest í opinberri eigu. Bent er á þörf á skýrri eigendastefnu fyrirtækja þar sem lögð er áhersla á að samkeppnissjónarmið séu leiðandi í rekstri.

# Helstu ábendingar og tillögur starfshópsins

## 3. Ábyrgð stjórnvalda á fullnægjandi framboði raforku er óskýr í lögum og ekki næg úrræði.

- Orkustofnun (OS) verði falið eftirlit með fullnægjandi framboði.
  - OS skilgreini öryggismörk og vinni/láti Landsnet vinna, annað hvert ár mat á raforkuöryggi út frá áætlaðri þróun framleiðslugetu og eftirspurn. Matið verði lagt til grundvallar ákvörðun um að bregðast við.
- OS fái heimildir til að bjóða út valréttarsamninga um að draga úr raforknotkun og bjóða út afltryggingar vegna framleiðslu.
  - Að breyttu eignarhaldi Landsnets geti OS falið fyrirtækinu framkvæmd útboða og samninga.
  - Kostnaður vegna valréttarsamninga og aðrar afltryggingar verði greiddur með gjaldi sem lagt verður á flutning/dreifingu eða orkusölu.
  - Ræddar voru aðrar leiðir, s.s. ívilnanir fyrir minni framleiðendur um að auka við afl, fyrirmæli um forgang almennra notenda, ríkið þrói virkjunaráfanga o.fl., en samstaða var ekki um þær.
- Alþjónusta verði skilgreind í lögum og ákveðið hverjir skuli njóta hennar – mögulegt að veita heimilum og smærri fyrirtækjum sérstaka vernd.